

SKRÁNINGARLÝSING

**Verðtryggð skuldabréf Eglu hf.
1. flokkur 2005**

YFIRLÝSINGAR

YFIRLÝSING ÚTGEFANDA

Stjórn Eglu hf. Kt: 551102-2030, Suðurlandsbraut 18, 108 Reykjavík, lýsir því yfir að upplýsingar í skráningarlýsingu 1. flokks skuldabréfa Eglu hf. fyrir árið 2005 séu eftir bestu vitund hennar í samræmi við staðreyndir og að engu mikilvægu atriði sé sleppt sem áhrif geti haft á mat á útgefanda og verðbréfum hans.

Skráningarlýsingin er gerð skv. 4 gr. viðauka IV við reglugerð nr.434/1999 um opinbera skráningu verðbréfa í kauphöll.

Reykjavík, 23. júní 2005
f.h. Eglu hf.




Guðmundur Hjaltason
Kt. 241063-5509
Framkvæmdastjóri

YFIRLÝSING UMSJÓNARAÐILA


Kaupping banki hf., kt: 560882-0419, Borgartúni 19, 105 Reykjavík, lýsir því yfir að við gerð skráningarlýsingarinnar 1. flokks skuldabréfa Eglu hf fyrir árið 2005 var aflað þeirra gagna sem að mati Kaupþings banka hf. voru nauðsynleg til þess að gefa rétta mynd af félaginu og verðbréfum þess og að mati Kaupþings banka hf. var engu atriði sleppt sem áhrif gæti haft á mat á útgefanda og verðbréfum hans sem óskað er skráningar á.

Skráningarlýsingin er gerð skv. 4 gr. viðauka IV við reglugerð nr.434/1999 um opinbera skráningu verðbréfa í kauphöll.

Reykjavík, 23. júní 2005
f.h. Kaupþings banka hf.



Baldur Þór Vilhjálmsson
Markaðsviðskipti
Kt. 250476-2999




Ingólfur Helgason
Forstöðumaður markaðsviðskipta
Kt. 041067-5279

YFIRLÝSING ENDURSKOÐANDA

Ég undirritaður, endurskoðandi hjá Deloitte. hf. kt. 521098-2449, Stórhöfða 23, 110 Reykjavík hef endurskoðað og áritað án athugasemda ársreikninga Eglu hf fyrir árin 2003-2004. Ég staðfesti að reikningarnir eru í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju. Árshlutareikningur Eglu hf. fyrir fyrsta ársfjórðung 2005 er hvorki kannaður né endurskoðaður. Ég staðfesti að þær upplýsingar í skráningarlýsingu þessari sem varða reikningsskil Eglu hf., eru í samræmi við ofangreind reikningsskil.

Reykjavík, 23. júní 2005
f.h. Deloitte hf.



Þorvaldur Gunnarsson
Kt. 140554-2279
Endurskoðandi

Útgefandi	Egla hf., kt. 551102-2030, Suðurlandsbraut 18, 108 Reykjavík sími 535-4500, bréfsími 535-4501.
Samþykki skuldabréfaútgáfu	Stjórn Eglu hf. samþykkti skuldabréfaútgáfu þessa á fundi þann 3. febrúar 2005. Samþykkt er að gefa út skuldabréf fyrir 5.000.000.000,- kr. að nafnverði. Fjárfestum er bent á að stjórn útgefanda getur veitt heimild til frekari stækkunar á skuldabréfaflokknum í framtíðinni.
Starfsemi	Tilgangur Eglu hf. skv. grein 3. í samþykktum félagsins er að vera eignarhald um hluti keypta af félaginu í Búnaðarbanka Íslands hf. Í samræmi við ákvæði kaupsamnings við íslenska ríkið dags. 16. janúar 2003.
Nafnverð, lánstími flokks og sölutrygging	Heildarnafnverð 1. flokks 2005 er 5.000.000.000,- kr. Útgáfudagur bréfanna var 4. febrúar 2005. Endurgreiða skal höfuðstól skuldarinnar með einni greiðslu þann 15. apríl 2011. Nú þegar hafa verið útgefin og seld skuldabréf samtals að nafnverði 5.000.000.000,- kr. sem voru sölutryggð af Kaupþingi banka hf.
Nafnvextir og verðtrygging	Skuldabréfin í 1. flokki 2005 eru með árlegri greiðslu vaxta og einni greiðslu höfuðstóls. Bréfin eru til 6 ára. Nafnvextir bréfanna eru 5,9%. Endurgreiða skal höfuðstól skuldarinnar með einni greiðslu þann 15. apríl 2011. Af skuld þessari greiðast 5,9% fastir flatir ársvextir. Vextir reiknast frá 4. febrúar árið 2005 sem er útgáfudagur bréfsins. Vextir greiðast árslega á 6 gjaldögum í fyrsta sinn þann 15. apríl 2006 og í síðasta sinn þann 15. apríl árið 2011. Bréfin eru verðtryggð og bundin vísitölu neysliverðs, sem er reiknuð og birt af Hagstofu Íslands skv. Lögum um vísitölu neysliverðs nr. 12/1995, með grunnvísitölu í febrúar 2005, 239,2.
Einingar skuldabréfanna	Skuldabréfin eru rafrænt skráð hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. Bréfin eru gefin út í 5.000.000.- krónu einingum. Útgefin bréf eru 1000. Lágmarksviðskiptaeining í Kauphöll Íslands hf. er 5.000.000,- kr.
Ávöxtunarkrafa og sölugengi	Ávöxtunarkrafan á fyrsta söludegi var 5,9% og sölugengi 1,000214. Ávöxtunarkrafa og sölugengi ákvarðast af markaðsaðstæðum á hverjum tíma. Upplýsingar um ávöxtunarkröfu og gengi skuldabréfanna hverju sinni er hægt að fá hjá Kaupþingi banka hf., kt. 560882-0419, Borgartúni 19, 105 Reykjavík.
Viðskiptavakt	Engin viðskiptavakt er á skuldabréfaflokknum.
Hlunnindi	Engin hlunnindi fylgja 1. flokki 2005.
Víkjandi ákvæði	Engin víkjandi ákvæði fylgja 1. flokki 2005.
Uppsagnarákvæði	Ef eigið fé útgefanda fer undir 25% af niðurstöðu efnahagsreiknings hefur útgefandi 30 daga til að koma því aftur upp fyrir 25%. Að öðrum kosti er eiganda skuldabréfs heimilt að gjaldfella skuldabréfið einhliða og fyrirvaralaust og án aðvörunar eða sérstakrar uppsagnar og krefja útgefanda um gjaldfallnar eftistöðvar þess, auk áfallinna vaxta, dráttarvaxta og alls kostnaðar sem eigandi skuldabréfsins kanna að verða fyrir vegna innheimtu málsins. Framangreind eiginfjárviðmiðun skal fara eftir endurskoðuðum ársreikningi eða árshlutauppgjöri árituðu um könnun löggilts endurskoðanda, sem birtir verða á fréttaveitu Kauphallar Íslands á sex mánaða fresti.

Skráning	Kauphöll Íslands hf. hefur samþykkt að taka 1. flokk 2005 skuldabréfa Eglu hf. á skrá og verða þegar útgefin og seld bréf að upphæð kr. 5.000.000.000,-kr. að nafnverði skráð þann 30. júní 2005 enda uppfylli bréfin skilyrði skráningar. Auðkenni bréfanna er EGLA 05 1. ISIN-númer bréfanna er IS0000010312.
Kostnaður, stimpilgjöld og heildarfjárhæð aflast með útboðinu	Egla hf. greiðir allan kostnaður vegna útgáfu og skráningar. Kostnaður og stimpilgjöld eru áætluð um 75.000.000,-kr. Stimpilgjald er 0,5% af heildarnafnvirði útgáfunnar. Heildarfjárhæð sem aflast með útboðinu er 4.926.070.000,-kr. að frádrægnum kostnaði.
Tilgangur sölunnar	Endurfjármögnun á hluta af lánum Eglu hf.
Fyrirkomulag sölu og sölutímabil	Skuldabréfin voru seld í lokuðu útboði til fagfjórfaða frá 4. febrúar til 28. febrúar 2005. Sala og afhending fór fram gegn staðgreiðslu.
Umsjón með skráningu og sölu	Umsjónaraðili: Kaupþing banki hf., kt. 560882-0419, Borgartúni 19, 105 Reykjavík.
Greiðslustaður	Egla hf. mun, fyrir milligöngu Verðbréfaskráningar Íslands hf., greiða skuldabréfin og vexti af þeim á gjalddaga til þeirra reikningsstofnana þar sem skráðir eigendur skuldabréfanna hafa VS-reikning. Viðkomandi reikningsstofnanir annast endanlega greiðslur inn á reikning eigenda.
Tryggingar	Egla hf. ábyrgist endurgreiðslu bréfanna með tekjum sínum og eignum. Engin forkaupsréttarákvæði fylgja útgáfu skuldabréfanna.
Fyrningarákvæði	Kröfur samkvæmt skuldabréfum þessum fyrnast sé þeim ekki lýst innan tíu ára frá gjalddaga, skv. 4 gr. laga nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda. Vaxtakröfur fyrnast á fjórum árum frá gjalddaga skv. 3. gr. sömu laga.
Viðtökudráttur og vanskil	Verði greiðslu vitjað eftir gjalddaga mun kröfuhafa hvorki verða greiddir vextir, dráttarvextir né verðbætur frá gjalddaga til greiðsludags. Verði um vanskil skuldara að ræða falla dráttarvextir á kröfuna frá framvísunardegi til greiðsludags, í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálag, samanber 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Standi skuldari ekki í skilum með greiðslur afborgana eða vaxta af skuldinni er skuldin í gjalddaga fallin án uppsagnar og má þá gera aðför til fullnustu skuldarinnar án undangengins dóms eða réttarsáttar.
Framsal og eignaréttur	Einungis er heimilt að framselja skuldabréfin til nafngreinds aðila. Gagnvart Eglu hf. skoðast yfirlit Verðbréfaskráningar um eigendur skuldabréfanna sem fullgild sönnun fyrir eignarétti. Greiðslur og tilkynningar eru sendar til þess aðila sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi verðbréfa. Til að fá aðgang að rafrænum bréfum sínum hjá Verðbréfaskráningu þurfa eigendur að eiga vörslureikning hjá reikningsstofnun sem gert hefur aðildarsamning við Verðbréfaskráningu og fela reikningsstofnuninni umsjón með verðbréfaeign sinni. Á vörslureikningi er haldið utan um verðbréfaeign, viðskipti og greiðslur til eigenda.

Réttindi að rafbréfum skal skrá í verðbréfamiðstöð ef þau eiga að njóta réttarverndar gegn fullnustugerðum og ráðstöfunum með samningi. Óheimilt er að gefa út viðskiptabréf fyrir skráðum réttindum samkvæmt rafbréfi eða framselja þau og eru slík viðskipti ógild. Eignarskráning rafbréfs í verðbréfamiðstöð, að undangenginni lokafærslu verðbréfamiðstöðvar, veitir skráðum eiganda lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður eigandi að. Forgangsröð ósamrýmanlegra réttinda ræðst af því hvenær beiðni reikningsstofnunar um skráningu þeirra berst verðbréfamiðstöð. Engar aðrar hömlur eru á framsali með skuldabréf þessi.

Skattamál

Skattaleg meðferð á skuldabréfunum fer eftir gildandi skattalögum á hverjum tíma. Samkvæmt 5 tl. 73. gr. laga um tekju- og eignarskatt nr. 90/2003 teljast bréf þessi til eignarskattstofns hjá einstaklingum og lögaðilum. Um skattalega meðferð bréfanna fer eftir skattalögum á hverjum tíma. Útgefandi ábyrgist ekki að staðgreiðsluskatti af vaxtatekjum skuldabréfanna sé skilað til ríkissjóðs, skv. 3 gr. laga nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, nema að eigandi bréfanna hafi falið öðrum banka, sparisjóði eða verðbréfafyrirtæki innheimtu þeirra.

Meðferð ágreinings

Rísi mál út af skuldabréfunum má reka þau fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, skv. ákvæðum XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Upplýsingar og gögn

Skráningarlýsing og önnur gögn um Eglu hf. sem vísað er til í skráningarlýsingu þessari liggja frammi hjá Kaupþingi banka hf., Borgartúni 19, 105 Reykjavík.

ALMENNT UM EGLU HF.**Starfsemi Eglu hf.**

Egla hf. var stofnað 25. september 2002. Tilgangur Eglu hf. skv. grein 3. í samþykktum félagsins er að vera eignarhald um hluti keypta af félaginu í Búnaðarbanka Íslands hf. í samræmi við ákvæði kaupsamnings við íslenska ríkið dags. 16. janúar 2003. Egla hf. starfar eftir lögum um hlutafélög nr. 2/1995. Hlutafé félagsins í lok fyrsta ársfjórðungs 2005 var 11.081.000,-kr. og var það að fullu greitt. Félagið stendur ekki í neinum málaferlum.

Fjárhagur**Rekstrarreikningur**

(Tölur í þúsundum króna)

	1/1 - 31/3			
	2005	2004	2003	2002
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld				
Vaxtagjöld.....	(316.121)	(310.708)	(55.111)	0
Gengishagnaður/(tap).....	(52.974)	317.815	6.416	0
Söluhagnaður eignarhluta í félögum.....	0	2.578.374	0	0
Kaup og sölubóknanir.....	0	(23.628)	0	0
Arðstekjur.....	359.417	142.515	196.084	0
Vaxtatekjur.....	50.165	23.940	190	0
	<u>40.487</u>	<u>2.728.308</u>	<u>147.579</u>	<u>0</u>
Rekstrargjöld				
Stofnkostnaður.....	0	0	0	(85)
Ýmiss rekstrarkostnaður.....	355	6.519	20.997	0
	<u>40.133</u>	<u>2.721.789</u>	<u>126.582</u>	<u>0</u>
Hagnaður fyrir skatta.....	40.133	2.721.789	126.582	0
Tekjuskattur	57.471	(464.269)	5.833	0
	<u>97.604</u>	<u>2.257.520</u>	<u>132.415</u>	<u>0</u>
Innleystur hagnaður.....	97.604	2.257.520	132.415	0
Óinnleystar tekjur				
Óinnleystur gengishagnaður á eignarhluta	6.181.968	10.899.762	6.801.012	0
Innleystur gengishagnaður.....	0	(1.856.171)	0	0
Tekjuskattur	(1.112.754)	(1.627.846)	(1.224.182)	0
Óinnleystur hagnaður.....	5.069.214	7.415.745	5.576.830	0
Hagnaður.....	5.166.818	9.673.265	5.709.245	(85)

Tekjur félagsins eru arður og óinnleystur hagnaður af gengishækkun eignarhluta í Kaupþingi banka. Á árinu 2004 var seldur hluti eignarhluta í Kaupþingi banka, var hlutafé lækkað og greitt út eigið fé fyrir 4.161 milljónir, innleystur hagnaður af sölnunni nam 2.578 millj. kr.

Efnahagsreikningur

(Tölur í þúsundum króna)

Eignir	1/1 - 31/3 2005	2004	2003	2002
Hlutabréf				
Hlutabréf í Kaupþingi banka hf. .	37.954.410	31.772.442	14.668.177	0
	<u>37.954.410</u>	<u>31.772.442</u>	<u>14.668.177</u>	<u>0</u>
Aðrar eignir				
Skammtímakröfur.....	93.061	16.232	17.008	9.915
Bankainnistæður og sjóðir.....	5.500.105	233.603	1.161	0
	<u>5.593.166</u>	<u>249.835</u>	<u>18.169</u>	<u>0</u>
Eignir samtals	<u>43.547.576</u>	<u>32.022.277</u>	<u>14.686.346</u>	<u>9.915</u>
Eigið fé				
Hlutfé.....	11.081	11.081	14.478	10.000
Yfirverðsreikningur.....	3.265.521	3.265.521	5.023.278	0
Óinnleystur gengishagnaður.....	18.061.788	12.992.574	5.576.830	0
Óráðstafað eigið fé.....	2.412.539	2.314.935	132.415	(85)
	<u>23.750.929</u>	<u>18.584.111</u>	<u>10.747.001</u>	<u>9.915</u>
Skuldbindingar				
Tekjuskattsskuldbinding.....	4.365.748	3.310.465	1.218.349	0
	<u>4.365.748</u>	<u>3.310.465</u>	<u>1.218.349</u>	<u>0</u>
Skuldir				
Lántökur.....	15.300.586	10.040.969	2.697.229	0
Áfallnir vextir.....	130.199	73.229	23.768	0
Skuld við tengd félög.....	0	6.003	0	0
Ýmsar skammtímaskuldir.....	114	7.500	0	0
	<u>15.430.899</u>	<u>10.127.701</u>	<u>2.720.997</u>	<u>0</u>
Eigið fé og skuldir alls	<u>43.547.576</u>	<u>32.022.277</u>	<u>14.686.347</u>	<u>9.915</u>

Vegna sölu á hluta eignahlutar í Kaupþingi banka á árinu 2004 var hlutfé lækkað og greitt út eigið fé fyrir 4.161 milljónir. Félagið tók þátt í útboði Kaupþingi banka í október 2004 og fjárfesti fyrir 5.745 millj. kr. í framhaldi af því var hlutfé aukið og nam framlag eigin fjár 2.400 milljónir.

Sjóðstreymi

(Tölur í þúsundum króna)

Rekstrarhreyfingar	1/1 - 31/3		
	2005	2004	2003
Innlestur hagnaður.....	97.604	2.257.520	132.415
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi			
Reiknaður tekjuskattur.....	(57.471)	464.269	(5.833)
Verðbætur og gengismunur á eignum og skuldum...	67.316	(318.308)	(6.416)
Veltufé frá rekstri	107.449	2.403.481	120.166
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum			
Skammtímakröfur.....	(76.829)	776	(17.008)
Skammtímaskuldir.....	43.581	62.964	23.768
Handbært fé frá rekstri	74.201	2.467.221	126.926
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í hlutabréfum annarra fyrirtækja	0	(10.212.412)	(7.784.363)
Kostnaðarverð seldra eignarhluta í öðrum félögum.....	0	2.151.738	0
Fjárfestingarhreyfingar	0	(8.060.674)	(7.784.363)
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir lána.....	(2.207.505)	(5.841.003)	(128.174)
Ný lán.....	7.399.807	13.503.050	2.749.016
Hlutfjárframlag.....	0	2.400.000	5.037.756
Útborgað eigið fé.....	0	(4.161.154)	0
Greiddur arður.....	0	(75.000)	0
Fjármögnunarhreyfingar	5.192.302	5.825.893	7.658.598
Hækkun (lækkun) handbærs fjár	5.266.503	232.440	1.161
Handbært fé í upphafi árs	233.603	1.161	0
Handsbært fé í lok árs	5.500.105	233.601	1.161

Eigendur

Í júní 2005 keypti Kjalar ehf. Hlutabréf í Eglu hf að nafnverði kr. 2.562.043,-kr. eða 23,12% í félaginu. Eigendur Eglu hf. eftir þessi viðskipti voru Ker hf. (68,04%), Kjalar ehf. (27,93%) og Fjárfestingarfélagið Grettir hf. (4,03%).

Upplýsingar um stjórn, framkvæmdarstjórn og endurskoðun**Stjórn Eglu hf.:**

Ólafur Ólafsson, stjórnarformaður Samskipa	kt. 230157-5619	Miðhraun 1	311 Borgarnes
Kristján Loftsson, framkvæmdarstjóri Hvals	kt. 170343-5499	Laugarásvegi 19	104 Reykjavík
Peter Gatti, Hauck & Aufhaeuser – General partner	kt. 100947-2349		

Framkvæmdarstjóri:

Guðmundur Hjaltason	kt. 241063-5509	Steinagerði 18	108 Reykjavík
---------------------	-----------------	----------------	---------------

Endurskoðendur:

Deloitte hf.	kt. 521098-2449	Stórhöfði 23	110 Reykjavík
Þorvarður Gunnarsson	kt. 140554-2279	Sæbólsbraut 9	200 Kópavogur

Stofnendur:

Ker hf.	kt. 500269-4649	Holtabakki	104 Reykjavík
Vátryggingarfélag Íslands hf,	kt. 690689-2009	Ármúli 3	108 Reykjavík
Hauck & Aufhaeuser			

Lykilstarfsmenn

Guðmundur Hjaltason framkvæmdarstjóri Eglu hf.

SAMÞYKKTIR FYRIR EGLU HF.

1. gr.

Félagið er hlutafélag og er nafn þess Egla hf.

2. gr.

Heimilisfang félagsins er að Suðurlandsbraut 18, Reykjavík.

3. gr.

Tilgangur félagsins er að vera eignarhaldsfélag um hluti keypta af félaginu í Búnaðarbanka Íslands hf. í samræmi við ákvæði kaupsamnings við íslenska ríkið dags. 16. janúar 2003.

4. gr.

Hlutfé félagsins er kr. 11.081.347 –ellefumilljóniráttafúogeitt-þúsundþrjúhundruðfjörutíuogsjö 00/100 - Hver hlutur er að fjárhæð ein króna eða margfeldi þeirrar fjárhæðar.

Heimilt er stjórn félagsins að bjóða út nýja hluti að nafnverði allt að kr. 6.000.000.000,00, þannig að hluthafar eigi forkaupsrétt að hækkininni. Heimild þessi gildir til 10. janúar 2005.

5. gr.

Heimilt er að hækka hlutfé félagsins með ályktun hluthafafundar og þarf til sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum þessum. Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í sínum eigin flokkum í hlutfalli við skráða hlutafjäreign sína. Hluthafafundur einn getur ákveðið lækkun hlutafjár.

6. gr.

Stjórn félagsins skal halda hlutaskrá samkvæmt lögum.

7. gr.

Eigendaskipti að hlutum í félaginu öðlast ekki gildi gagnvart því fyrir en stjórn þess hefur verið tilkynnt um það skriflega.

Vegna samninga félagsins og íslenska ríkisins um kaup félagsins á virkum eignarhlut í Búnaðarbanka Íslands hf. er hluthöfum óheimilt að selja, veðsetja eða ráðstafa með öðrum hætti, hlutum sínum í félaginu, eða réttindum samkvæmt þeim, fyrir en að liðnum tuttugu og einum mánuði frá undirritun framangreinds kaupsamnings, nema að fengnu skriflegu samþykki íslenska ríkisins. Ofangreint ákvæði verður ekki numið brott úr samþykktum félagsins frir ofangreindan tíma nema að fengnu skriflegu samþykki íslenska ríkisins.

8. gr.

Félagið má eigi veita lán út á hluti sína nema lög leyfi. Félaginu er heimilt að kaupa eigin hluti að því marki sem lög leyfa. Óheimilt er að neyta atkvæðisréttar fyrir þá hluti sem félagið á sjálft.

9. gr.

Hluthafi ber ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu.

10. gr.

Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum lögmatra hluthafafunda.

11. gr.

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok júní ár hvert.

Aukafundi skal halda eftir ákvörðun stjórnar eða að kröfu hluthafa sem ráða a.m.k. einum tíunda hluta hlutafjár í félaginu. Skal krafan skriflega gerð og fundarefni tilgreint og fundur boðaður þá innan fjórtán daga. Ef stjórnin skirrist við að boða fund eftir móttöku slíkrar kröfu má leita atbeina stjórnvalda samkvæmt lögum um hlutafélög.

12. gr.

Félagsstjórn skal boða til hluthafafunda með tilkynningu til hvers hluthafa í ábyrgðarbréfi eða símskeyti eða á annan jafnsannanlegan hátt. Hluthafafundi skal boða með minnst sjö daga fyrirvara. Fundarefnis skal getið í fundarboði.

Hluthafafundur er lögmætur ef hann er löglega boðaður.

13. gr.

Eitt atkvæði fylgir hverri krónu hlutafjár í hlutafé. Hluthafar geta með skriflegu umboði veitt umboðsmönnum heimild til að sækja hluthafafund og fara með atkvæðisrétt sinn.

Á hluthafafundi ræður afl atkvæða nema öðruvísi sé fyrir mælt í landslögum eða samþykktum þessum.

Samþykki allra hluthafa þarf til þess:

Að skylda hluthafa til að leggja fram fé í félagsþarfir fram yfir skuldbindingar sínar.

Að takmarka heimild manna til meðferðar á hlutum sínum.

Að breyta ákvæðum samþykktanna um hlutdeild manna í félaginu eða jafnrétti þeirra á milli.

Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins eða um sameiningu þess við önnur félög eða fyrirtæki má ekki taka til meðferðar á fundum þess nema þess hafi verið getið í fundarboði.

14. gr.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

1. Stjórn félagsins skal skýra frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu starfsári.
2. Efnahagsreikningur og rekstrarreikningur félagsins fyrir liðið starfsár skulu lagðir fram ásamt athugasemdum endurskoðenda félagsins til samþykktar.

3. Stjórn félagsins skal kjörin og löggiltur endurskoðandi.

4. Tekin skal ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð.

5. Ákvörðun skal tekin um greiðslur til stjórnar- og skoðunarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu.

6. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

15. gr.

Fundargerðarbók skal haldin og í hana skráð það sem gerist á hluthafafundum.

16. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð þremur mönnum og einum til vara, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja manni. Undirskrift tveggja stjórnarmanna skuldbindur félagið.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Halda skal fundargerð um stjórnarfund.

17. gr.

Stjórn skal setja sér starfsreglur þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

18. gr.

Stjórn félagsins ræður framkvæmdastjóra og ákveður starfskjör hans, ef hún telur þess þörf. Hún veitir og prókúruumboð fyrir félagið.

Framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir þess hönd í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Hann sér um reikningshald og ráðningu starfslíðs. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum eða skoðunarmönnum allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

19. gr.

Á aðalfundi félagsins skal kjósa einn löggiltan endurskoðanda til að rannsaka reikninga félagsins fyrir hvert starfsár og leggja niðurstöður sínar fyrir aðalfund. Endurskoðanda má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins.

20. gr.

Starfsár og reikningsár er almanaksárið. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreikninga og lagt fyrir endurskoðendur eða skoðunarmenn eigi síðar en einum mánuði fyrir aðalfund.

21. gr.

Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu. Hluthafar þurfa ekki að sæta innlausn hluta sinna nema lög standi til annars.

22. gr.

Samþykktum þessum má breyta á lögætum aðalfundi eða aukafundi með 2/3 hlutum greiddra atkvæða, svo og með samþykki hluthafa sem ráða yfir a.m.k. 2/3 hlutum af því hlutafé í félaginu sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum, enda sé annað atkvæðamagn ekki áskilið í samþykktum eða landslögum.

2. mgr. 7. gr. verður þó ekki breytt eða felld brott úr samþykktum fyrir 10. október 2004, án þess að fyrir liggi skriflegt samþykki íslenska ríkisins fyrir slíkri breytingu.

23. gr.

Með tillögur um slit og skipti á félaginu skal fara sem um breytingar á samþykktum þessum. Þarf atkvæði hluthafa sem ráða minnst 2/3 hlutum af heildarhlutafé félagsins til að ákvörðun um slit sé gild. Hluthafafundur, sem tekið hefur löglega ákvörðun um slit eða skipti félagsins, skal einnig ákveða ráðstöfun eigna og greiðslu skulda.

Þrátt fyrir ofangreint er, vegna skuldbindinga félagsins samkvæmt samningi félagsins við íslenska ríkisins um kaup á virkum eignarhlut í Búnaðarbanka Íslands hf., óheimilt að slíta félaginu án skriflegs samþykkis íslenska ríkisins fyrir en 15. október 2004.

24. gr.

Þar sem ákvæði samþykkt þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið skal hlíta ákvæðum laga um hlutafélög, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.

Þannig samþykkt í Reykjavík, 14. nóvember 2002,
og breytt á hluthafafundum í Reykjavík hinn 16. janúar 2003, 25. mars 2003, 18. desember 2003,
27. mars 2004 og 29. desember 2004.

F.h. stjórnar Eglu hf.

Kristinn Hallgrímsson hrl.

Egla hf.

Ársreikningur 2004

Egla hf.
Suðurlandsbraut 18
108 Reykjavík

kt. 551102-2030

Egla hf.

Ársreikningur 2004

Efnisyfirlit.

Áritun endurskoðenda.....	2
Skýrsla stjórnar.....	3
Rekstrarreikningur.....	4
Efnahagsreikningur.....	5
Yfirlit um sjóðstreymi.....	6
Skýringar.....	7-8

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa í Eglu hf.

Við höfum endurskoðað ársreikning Eglu hf. fyrir árið 2004. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju á Íslandi en samkvæmt henni skal skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé í meginatriðum annmarkalaus. Endurskoðunin felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2004, efnahag þess 31. desember 2004, og breytingu á handbæru fé á árinu 2004, í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju á Íslandi.

Reykjavík, 20. júní 2005.

Deloitte hf.

Þorvarður Gunnarsson
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Að álitum stjórnar og framkvæmdastjóra Eglu hf. koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Innleystur hagnaður félagsins nam 2.257,5 milljónum króna. Þegar tekið er tillit til óinnleysts hagnaðar að fjárhæð 7.415,7 milljónum króna er heildarhagnaður á árinu 9.673,3 milljónir króna. Stjórn félagsins leggur til að hagnaðurinn verði fluttur til næsta árs en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á bókfærðu eigin fé félagsins á árinu.

Fjöldi hluthafa í ársbyrjun var 3 og í árslok voru hluthafar í félaginu 5. Tveir hluthafar eiga meira en 10% hlutafjárins en þeir eru Ker hf. sem á 68,0% og Hauck & Aufhaeuser sem á 23,1%.

Stjórn og framkvæmdastjóri Eglu hf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2004 með undirritun sinni.

Reykjavík, 20. júní 2005

stjórn

Rekstrarreikningur árið 2004

	skýr	Árið 2004	Árið 2003
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Arðstekjur.....		142.515	196.084
Vaxtatekjur.....		23.940	190
Vaxtagjöld.....		(310.708)	(55.111)
Gengishagnaður/(tap).....		317.815	6.416
Söluhagnaður eignarluta í félögum.....		2.578.374	0
Kaup og sölubóknanir.....		(23.628)	0
		<u>2.728.308</u>	<u>147.579</u>
Rekstargjöld			
Ýmis rekstrarkostnaður.....		6.519	20.997
		<u>6.519</u>	<u>20.997</u>
Hagnaður fyrir skatta.....		2.721.789	126.582
Tekjuskattur.....	5	(464.269)	5.833
		<u>2.257.520</u>	<u>132.415</u>
Innleystur hagnaður.....			
		2.257.520	132.415
Óinnleystar tekjur			
Óinnleystur gengishagnaður á eignarluta.....		10.899.762	6.801.012
Innleystur gengishagnaður.....		(1.856.171)	0
Tekjuskattur.....		(1.627.846)	(1.224.182)
		<u>7.415.744</u>	<u>5.576.830</u>
Óinnleystur hagnaður.....			
		7.415.744	5.576.830
Hagnaður.....			
		<u>9.673.264</u>	<u>5.709.245</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2004

		31.12.2004	31.12.2003
Eignir			
Verðbréf			
Eignarhlutur í KB-banka	2	31.772.442	14.668.177
		<u>31.772.442</u>	<u>14.668.177</u>
Aðrar eignir			
Skammtímakröfur		16.232	17.008
Bankainnistæður og sjóðir		233.603	1.161
		<u>249.834</u>	<u>18.170</u>
Eignir samtals		<u>32.022.276</u>	<u>14.686.347</u>
Eigið fé			
Hlutfé	4		
Hlutfé	3,4	11.081	14.478
Yfirverðsreikningur		3.265.521	5.023.278
Óinnleystur gengishagnaður		12.992.574	5.576.830
Óráðstafað eigið fé		2.314.935	132.415
		<u>18.584.111</u>	<u>10.747.001</u>
Skuldbindingar			
Tekjuskattskuldbinding	5	3.310.465	1.218.349
		<u>3.310.465</u>	<u>1.218.349</u>
Skuldir			
Lántökur.....	6	10.040.969	2.697.229
Áfallnir vextir.....		73.229	23.768
Skuld við tengd félög.....		6.003	0
Ýmsar skammtímaskuldir.....		7.500	0
		<u>10.127.700</u>	<u>2.720.996</u>
Eigið fé og skuldir alls		<u>32.022.276</u>	<u>14.686.347</u>

Sjóðstreymi árið 2004

Rekstrarhreyfingar	Árið 2004	Árið 2003
Innleystur hagnaður	2.257.520	132.415
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi		
Reiknaður tekjuskattur.....	464.269	(5.833)
Verðbætur og gengismunur á eignum og skuldum.....	(318.308)	(6.416)
Veltufé frá rekstri	2.403.481	120.167
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum		
Skammtímakröfur.....	776	(17.008)
Skammtímaskuldir.....	62.964	23.768
Handbært fé frá rekstri	2.467.222	126.926
Fjárfestingarhreyfingar		
Fjárfest í eignarhlutum í öðrum félögum	(10.212.412)	(7.784.363)
Kostnaðarverð seldra eignarhluta í öðrum félögum	2.151.738	0
Fjárfestingarhreyfingar	(8.060.674)	(7.784.363)
Fjármögnunarhreyfingar		
Afborganir lána	(5.841.003)	(128.174)
Ný lán	13.503.050	2.749.016
Hlutfjárframlag	2.400.000	5.037.756
Útborgað eigið fé	(4.161.154)	0
Greiddur arður	(75.000)	0
Fjármögnunarhreyfingar	5.825.894	7.658.599
Hækkun (lækkun) handbærs fjár	232.441	1.161
Handbært fé í upphafi árs	1.161	0
Handbært fé í lok árs	233.603	1.161

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og góða reikningsskilavenju. Við gerð ársreikningsins er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð

Fjármálagerningar eru metnir á gangvirði í þeim tilvikum sem það er heimilt samkvæmt lögum. Með fjármálagerningum er átt við framseljanleg kröfuféttindi svo sem skuldabréf, hlutabréf og afleiður. Með gangvirði er átt við virði miðað við verð sem til hefur orðið í viðskiptum milli aðila, reiknað virði miðað við væntar framtíðartekjur eða kostnaðarverð, ef framangreint liggur ekki fyrir. Matsbreytingar fjármálagerninga eru færðar á óinnleystan gengishagnað meðal eigin fjár.

Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar upp miðað við verðlag eða gengi í lok ársins.

Aðrar reikningsskilaaðferðir sem snerta einstök efnisatriði ársreikningsins eru tilgreindar í skýringum hér á eftir.

Eignarhlutur í KB-banka

2. Eignarhluturinn er bókaður á skráðu gengi í Kauphöll Íslands:

	Hlutdeild	Nafnverð	Kostnaðarverð	Matsverð
KB-banki hf.....	0,01%	71.883	15.927.840	31.772.442

Egla hefur selt framvirkt bréf í Kb-banka að nv. 8.150.000 á genginu 442 með endurkaupskyldu 30/6 2005 á genginu 464. Bréfin eru færð til eignar meðal hlutabréfa og skuldbindingin til skuldar meðal bankalána í ársreikningi.

Eigið fé

3. Heildarhlutafé félagsins er 11.081.347 eins og kveðið er á um í samþykktum félagsins

4. Yfirlit yfir eiginfjárreikninga

	Hlutafé	Yfirverð	Óinnleystur gengishagn.	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Framlag hlutafjár.....	14.478	5.023.278	5.576.830	132.415	10.747.001
Lækkun hlutafjár.....	(4.677)	(4.156.477)			(4.161.154)
Hækkun hlutafjár.....	1.280	2.398.720			2.400.000
Úthlutaður arður.....				(75.000)	(75.000)
Hagnaður ársins.....				2.257.520	2.257.520
Óinnleystur gengishagnaður.....			7.415.744		7.415.744
	<u>11.081</u>	<u>3.265.521</u>	<u>12.992.574</u>	<u>2.314.935</u>	<u>18.584.111</u>

Tekjuskattskuldbinding

5. Tekjuskattskuldbinding félagsins nemur kr. 3.310,4 milljónir í lok ársins samkvæmt efnahagsreikningi, en útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattauppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunur sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins.

Breyting skattskuldbindingarinnar á tímabilinu greinist þannig:

Staða 1/1.....	1.218.349
Reiknaður tekjuskattur vegna tímabilsins.....	464.269
Tekjuskattur af óinnleystum gengishagnaði.....	1.627.846
	<u>3.310.465</u>
Tekjuskattskuldbinding félagsins skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:	
Hlutabréf.....	3.310.465
	<u>3.310.465</u>

Lántökur

6. Yfirlit yfir lántökur

Skammtímalán.....	3.602.300
Langtímalán.....	6.438.669
	<u>10.040.969</u>

Egla hf.

Ársrlutareikningur
1. janúar – 31. mars 2005

Efnisyfirlit.

Rekstrarreikningur.....	1
Efnahagsreikningur	2
Sjóðstreymi.....	3
Skýringar	4

Rekstrarreikningur janúar - mars 2005

	skýr	2005	1/1 - 31/3	2004
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld				
Vaxtagjöld.....		(316.121)		(17.704)
Gengishagnaður/(tap).....		(52.974)		888
Söluhagnaður eignarhluta í félögum.....				2.578.374
Kaup og söluþóknar.....				(23.628)
Arðstekjur.....		359.417		
Vaxtatekjur.....		50.165		5.417
		<u>40.488</u>		<u>2.543.348</u>
Rekstargjöld				
Ýmis rekstrarkostnaður.....		355		5.171
Hagnaður fyrir skatta.....		40.133		2.538.177
Tekjuskattur.....	5	<u>57.471</u>		<u>(456.872)</u>
Innleystur hagnaður.....		97.604		2.081.305
Óinnleystar tekjur				
Breyting á óinnleystum gengishagnaði.....		6.181.968		4.018.751
Innleystur gengishagnaður.....				(1.856.171)
Tekjuskattur.....		(1.112.754)		(389.264)
Óinnleystur hagnaður.....		<u>5.069.214</u>		<u>1.773.315</u>
Hagnaður.....		<u>5.166.818</u>		<u>3.854.621</u>

Efnahagsreikningur 31. mars 2005

		31.3.2005	31.12.2004
Eignir			
Verðbréf			
Eignarhlutur í KB-banka	2	37.954.410	31.772.442
		<u>37.954.410</u>	<u>31.772.442</u>
Aðrar eignir			
Skammtímakröfur		93.061	16.232
Bankainnistæður og sjóðir		5.500.105	233.603
		<u>5.593.166</u>	<u>249.834</u>
Eignir samtals		<u>43.547.576</u>	<u>32.022.276</u>
Eigið fé	4		
Hlutafé	3,4	11.081	11.081
Yfirverðsreikningur		3.265.521	3.265.521
Óinnleystur gengishagnaður		18.061.788	12.992.574
Óráðstafað eigið fé		2.412.539	2.314.935
		<u>23.750.929</u>	<u>18.584.111</u>
Skuldbindingar			
Tekjuskattskuldbinding	5	4.365.748	3.310.465
		<u>4.365.748</u>	<u>3.310.465</u>
Skuldir			
Lántökur.....	6	15.300.586	10.040.969
Áfallnir vextir.....		130.199	73.229
Skuld við tengd félög.....			6.003
Ýmsar skammtímaskuldir.....		114	7.500
		<u>15.430.899</u>	<u>10.127.700</u>
Eigið fé og skuldir alls		<u>43.547.576</u>	<u>32.022.276</u>

Sjóðstreymi janúar - mars 2005

Rekstrarhreyfingar	1/1 - 31/3	
	2005	2004
Innleystur hagnaður	97.604	2.081.305
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi		
Reiknaður tekjuskattur.....	(57.471)	456.872
Verðbætur og gengismunur á eignum og skuldum.....	67.316	(889)
Veltufé frá rekstri	107.449	2.537.288
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum		
Skammtímakröfur.....	(76.829)	574
Skammtímaskuldir.....	43.581	(16.201)
Handbært fé frá rekstri	74.200	2.521.662
Fjárfestingarhreyfingar		
Kostnaðarverð seldra eignarhluta í öðrum félögum	0	2.151.738
Fjárfestingarhreyfingar	0	2.151.738
Fjármögnunarhreyfingar		
Afborganir lána	(2.207.505)	(41.002)
Ný lán	7.399.807	39.865
Útborgað eigið fé	0	(4.161.154)
Fjármögnunarhreyfingar	5.192.302	(4.162.291)
Hækkun (lækkun) handbærs fjár	5.266.502	511.109
Handbært fé í upphafi árs	233.603	1.161
Handbært fé í lok árs	5.500.105	512.270

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og góða reikningsskilavenju.

Eignarhlutar í félögum sem skráð eru hjá Kauphöll Íslands eru eignfærðir á markaðsverði í lok ársins. Markaðsverði hlutabréfacinnar er hærra en kostnaðarverð og er það sem munar fært sem óinnleystur gengishagnaður meðal eigin fjár.

Eignir og skuldir sem bundnar eru visitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar upp miðað við verðlag eða gengi í lok ársins.

Aðrar reikningsskilaaðferðir sem snerta einstök efnisatriði ársreikningsins eru tilgreindar í skýringum hér á eftir.

Eignarhlutur í KB-banka

2. Eignarhluturinn er bókaður á skráðu gengi í Kauphöll Íslands:

	Hlutdeild	Nafnverð	Kostnaðarverð	Matsverð
KB-banki hf.....	10,88%	71.883	15.927.840	37.954.410

Egla hefur selt framvirkt bréf í Kb-banka að nv. 8.150.000 á genginu 442 með endurkaupskyldu 30/6 2005 á genginu 464. Bréfin eru færð til eignar meðal hlutabréfa og skuldbindingin til skuldar meðal bankalána í ársreikningi.

Eigið fé

3. Heildarhlutafé félagsins er 11.081.347 eins og kveðið er á um í samþykktum félagsins
 4. Yfirlit yfir eiginfjárreikninga

	Hlutafé	Yfirverð	Óinnleystur gengishagn.	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Framlag hlutafjár.....	11.081	3.265.521	12.992.574	2.314.935	18.584.111
Hagnaður tímabilsins.....				97.604	97.604
Óinnleystur gengishagnaður.....			5.069.214		5.069.214
	<u>11.081</u>	<u>3.265.521</u>	<u>18.061.788</u>	<u>2.412.539</u>	<u>23.750.929</u>

Tekjuskattskuldbinding

5. Tekjuskattskuldbinding félagsins nemur kr. 4.365,7 milljónir í lok ársins samkvæmt efnahagsreikningi, en útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattauppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunur sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins.

Breyting skattskuldbindingarinnar á tímabilinu greinist þannig:

Staða 1/1.....	3.310.465
Reiknaður tekjuskattur vegna tímabilsins.....	(57.471)
Tekjuskattur af óinnleystum gengishagnaði.....	1.112.754
	<u>4.365.748</u>
Tekjuskattskuldbinding félagsins skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:	
Hlutabréf.....	4.365.748
	<u>4.365.748</u>

Lántökur

6. Yfirlit yfir lántökur

Skammtímalán.....	3.885.810
Langtímalán.....	11.414.777
	<u>15.300.586</u>
Yfirlit yfir langtímaskuldir:	
Óverðtryggð lán.....	4.100.750
Verðtryggð lán.....	5.048.077
Lán í erlendum myntum.....	6.151.759
	<u>15.300.586</u>
Samtals langtímaskuldir	<u>15.300.586</u>